

19
14. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 22, 6. okt. 1919, um hæstarétt.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Fyrir orðin „enda hafi þeir leyst“ í 52. gr. laganna komi: enda leysi þeir.

Orðin „innan 3 ára frá því er hæstiréttur tók til starfa“ í niðurlagi sömu greinar laganna falli burt.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört á Sorgenfrihöll, 14. júní 1929.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.

(L. S.)

Jónas Jónsson.

20
14. júní

L Ö G

um

breyting á lögum nr. 37, 19. júní 1922, um eftirlit með skipum og bátum og öryggi þeirra.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

4. gr. laganna orðist þannig:

Ef líkur eru á, að skip eða bátur, sem ferðbúið er frá íslenskri höfn, sé óhaffært, má lögreglustjóri, eða skipaskoðunarmaður, er skipa-